



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/96
komudagur. 7.11.2007

Allsherjarnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. nóvember 2007
2007110011/91/SG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18. 2. nóvember 1992.

Tíu þingmenn standa að baki þingsályktunartillögu um lögfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Landlæknir telur að vel fari á því að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði lögfestur hér á landi og honum veitt svipað vægi og mannréttindasáttmála sömu samtaka. Verði það til þess að efla stöðu sáttmálans hér á landi er það af hinu góða. Ekki verður séð í fljótu bragði að breyta þurfi lögum sem að heilbrigðisþjónustu lúta svo sem lögum um réttindi sjúklinga og lögum um heilbrigðisþjónustu, læknalögum o.fl. með lögfestingu sáttmálans. Því er stutt við framgang þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir